

**Nd.**

**317. Nefndarálit**

[152. mál]

um frv. til l. um tollskrá o. fl.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Fjárhags- og viðskiptanefnd hefur haft frumvarpið um tollskrá til athugunar, en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess.

Undirritaðir nefndarmenn styðja þá lækkun tolla, sem í frv. felst, með tilvísun til ítarlegs nefndarálits minni hluta fjárhags- og viðskiptanefndar efri deildar.

Hins vegar erum við algjörlega andvígir því bráðabirgðaákvæði, sem stjórnarflokkarnir samþykktu í efri deild um heimild til hækkunar á söluskatti um 1%. Munum við því greiða atkvæði gegn því.

Alþingi, 20. des. 1973.

Matthías Á. Mathiesen,  
frsm.

Gylfi P. Gíslason,

Matthías Bjarnason.